

**1. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2016, haldinn 27. janúar 2016 í Flúðaskóla, kl. 15.00. 8. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Erla Björg Arnardóttir, Ásmundur Lárusson, Ingvar Hjálmarsson, fulltrúi kennara mætti ekki.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum 2015

**10. bekkur**

Hlutföll í hæfnieinkunn

**Íslenska**

	A	B+	B	C+	C	D	A og B+
Landið allt:	7,8%	5,1%	45,2%	9,8%	23,9%	8,3%	12,9%
Suðurkjördæmi:	4,0%	2,5%	39,1%	10,9%	30,1%	13,3%	6,5%
Flúðaskóli:	11,1%	3,7%	63%	3,7%	18,5%	0%	14,8%

**Enska**

	A	B+	B	C+	C	D	A og B+
Landið allt:	8,1%	6,3%	48,7%	7,5%	21,1%	8,4%	14,4%
Suðurkjördæmi:	4,2%	5,9%	43,5%	8,6%	26,8%	11,1%	10,1%
Flúðaskóli:	7,4%	11,1%	63%	0%	18,5%	0%	18,5%

**Stærðfræði**

	A	B+	B	C+	C	D	A og B+
Landið allt:	7,2%	5,9%	44,9%	8,5%	21,6%	12,1%	13,1%
Suðurkjördæmi:	3,5%	2,4%	37,3%	8,3%	29,7%	18,9%	5,9%
Flúðaskóli:	7,4%	3,7%	51,9%	3,7%	29,6%	3,7%	11,1%

## 7. bekkur

	Íslenska	Stærðfræði
Flúðaskóli	6,8	6,9
Suðurkjördæmi	5,8	6,3
Landið allt	6	6,4

Vegna fámennis í 4. bekk er ekki heimilt að birta niðurstöður opinberlega.

### Viðburðir

Dagur íslenskrar tungu var tileinkaður jafnrétti og voru allir velkomnir að taka þátt í deginum með okkur. Margskonar uppákomur voru og við þetta tækifæri hófu 7. bekkingar formlegan undirbúning fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem haldin verður í mars og 4. bekkingar hófu undirbúning fyrir Litlu upplestrarkeppnina sem verður núna á vordögum.

9. og 10. bekkingar fóru í árlega heimsókn í ML, þar sem þau fengu kynningu á skólanum og fylgdust með söngvakeppni.

Þann 18. nóvember fór fram hið árlega Halldórsmót, er þetta 8. árið sem það er haldið í Flúðaskóla. Mótið er haldið til minningar um Halldór Gestsson húsvörð í Flúðaskóla til margra ára. Halldór hélt skákíþróttinni reglulega á lofti í skólanum m.a. með því að halda utan um mót, en einnig tók hann að sér leiðsögn í valáföngum. Alls tóku 34 nemendur í 8. - 10. bekk þátt og 32 nemendur í 3. -7. bekk. Allir nemendur og starfsfólk skólans gæddu sér á vöfllum með súkkulaðiglassúr og rjóma, en það var í miklu uppáhaldi hjá Halldóri heitnum.

keppnislið frá skólanum tók þátt í Legó keppni grunnskólanna, liðið stóð sig mjög vel og lenti í einu af þremur efstu sætum og fékk verðlaun fyrir bestu liðsheildina.

Fræðslu og menningarferðir voru að venju á haustdögum, meðal þess sem er orðið að árlegum viðburði er að nemendur í 10. bekk fara á Alþingi og fá þar fræðslu í þingsköp og taka þátt í "þingfundi".

### Heimsóknir í skólann

Skáld í skólum kom til okkar með mismunandi dagskrá eftir aldri nemenda. Hundur í óskilumflutti með "Halldór Laxnes á hundavaði" fyrir unglíngadeildina, miðstigið fékk þau Gunnar Helgason og Arndísi Jónsdóttur með "Lífið er lífshættulegt" í heimsókn og Kristjana Friðbjörnsdóttir og Ævar Þór Benediktsson heimsóttu yngsta stigið "Að laumast til að lesa - Hetjusögur af höfundum". Þjórárskóli kom á Skáld í skólum hjá yngsta og miðstigi eins og undanfarin ár.

1.-4. bekkur ásamt nemendum leikskólans sá leiksýninguna Langafi þrakkari sem Möguleikhúsið flutti og skemmtu sér konunglega. Foreldrafélög skólanna buðu til þessarar leiksýningar.

Fyrstu vikuna í desember var opinn vika fyrir foreldra og er þetta í annað sinn sem við efnum til slíkrar viku. Það er mjög skemmtilegt og gefandi að fá foreldra inn sem þátttakendur í daglegu skólastarfi. Önnur slík vika verður á vordögum.

Nemendur í 1. - 7. bekk var boðið upp á Legó smiðju sem Jóhann Breiðfjörð sá um. Þetta er í annað sinn sem við fáum hann í heimsókn.

Þorgrímur Þráinsson var með fyrirlesturinn „verum ástfanginn af lífinu“, fyrir 10. bekkina, þar sem hann talaði meðal annars um mikilvægi markmiðasetningar og jákvæðs hugarfars.

10. bekkingar fengu skemmtilega og fræðandi heimsókn frá Samtökum fjármálafyrirtækja þar sem þau fengu fjármálafræðslu.

Nemendur í 8. - 10. bekk fengu fyrirlestur frá geðfræðslu Bataseturs um geðræn vandamál, hvernig hægt er að bregðast við geðrænum vandamálum og hvert sé hægt að leita.

## **Símenntun**

Mikil endurmenntun hefur farið fram í vetur. Auk námskeiða í tengslum við Erasmus+ styrkinn, hafa kennarar verið duglegir að nýta sér endurmenntunarstyrk KÍ til að fara á lengri og styttri námskeið.

Stjórnendur fóru á Skólalæping sveitarfélaga þar sem aðalræðuefnið var nýtt námsmat og námskrá.

Fjórir kennarar fóru á ráðstefnu um upplýsingatækni sem haldin var á Sauðárkróki í byrjun nóvember.

Fjórir kennarar fóru á tungumálanámskeið sem haldið var í Edinborg og komu til baka með margar góðar hugmyndir og nýja nálgun á námsefni sem þegar hafa skilað sér.

Tveir kennarar fóru á ráðstefnu náttúrufræðikennara sem haldið var í Birmingham. Þetta var stór alþjóðleg ráðstefna með margvíslegum fyrirlestrum og koma efalaust með eitthvað nýtt og spennandi til að kenna okkur hinum.

Þróunarverkefnið Orð af orði heldur áfram af fullum þunga en þetta er seinna árið sem það stendur yfir með fræðslufundum og vinnu á milli funda. Núna í janúar var námskeið þar sem fjallað var um mismunandi ritun en ritun er stór þáttur í almennri lestrarkennslu.

Stjórnendur fóru á Bett skólasýninguna sem haldin var í London í síðustu viku, var það mjög fróðleg ferð.

Auk þess eru kennarar duglegir að sækja sér endurmenntun bæði með því að lesa sér til og sitja styttri námskeið og fyrirlestra.

## **2. Önnur mál**

1. Úttekt á innleiðingu skólastefnu. Skólastjórnendum falið að gera úttekt á innleiðingu nýrrar skólastefnu fyrir næsta fund skólanefndar.
2. Ytra mat. Á vorönn verður gert ytra mat á Flúðaskóla á vegum menntamálaráðuneytisins.

3. Kolbrún Haraldsdóttir kom inn á fundinn og kynnti samvinnuverkefni um eflingu læsis á öllum skólastigum í skólum á svæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Gerð var skipulögð lestrarskimun og eftirfylgni í haust hjá nemendum í 3., 5. og 9. bekk. Þeir nemendur sem féllu undir skilgreind viðmið um lestrarvanda var boðið á hraðlestrarnámskeið og var árangurinn af því námskeiði mjög góður. Þetta verkefni er komið til að vera. (sjá fylgiskjal).

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 16:00